

Skagabyggð - Jafnréttisáætlun 2020 – 2024

Leiðarljós

Skagabyggð er eftirsóknarvert sveitarfélag þar sem jafnrétti og jafnræði kynjanna er virt í hvívetna og konur og karlar hafa jöfn tækifæri til að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni.

Markmið

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 fjalla um jafnrétti kynjanna. Er markmið laganna að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum samfélagssviðum. Skagabyggð leggur sitt af mörkum svo starfsfólk og íbúar séu meðvitaðir um mikilvægi þess að allar manneskjur fái notið sín óháð kyni.

Jafnrétti felur m.a. í sér að:

Konur og karlar hafi jöfn áhrif í samfélaginu – Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni.

Efnahagslegt jafnræði sé milli kvenna og karla – Konur og karlar eiga að hafa sömu möguleika til menntunar, launavinnu og fjárhagslegs sjálfstæðis. Vinna skal gegn launamisrétti og annarri mismunum á grundvelli kyns á vinnumarkaði.

Jafna skiptingu umönnunar- og heimilisstarfa – gera þarf bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Konur og karlar eiga að bera sömu ábyrgð á heimilisstörfum og hafa sömu möguleika á að annast sína nánustu og þiggja umönnun.

Breyta hefðbundnum kynjaímyndum og neikvæðum staðalímyndum - Margar af þeim hefðbundnu kynjaímyndum og staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla sem eru ríkjandi í samfélaginu koma í veg fyrir að konur og karlar geti notið hæfileika sinna og atorku til fulls.

Jafnrétti snýst þannig um að jafna aðgang að gæðum. Mikilvægt jafnréttismál er að útrýma kynbundnu ofbeldi og klámvæðingu. Jöfn staða kvenna og karla er grundvallaréttur og jöfn þátttaka kvenna og karla í ákvörðunartöku er forsenda lýðræðislegs þjóðfélags.

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 er kveðið á um að sveitarfélög skipi jafnréttisnefndir og geri jafnréttisáætlanir með framkvæmdaáætlun. Jafnréttisnefnd Skagabyggðar fer með jafnréttismál sveitarfélagsins og mun hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana til fjögurra ára, þar sem m.a. kemur fram hvernig unnið skuli að kynjasambættingu á öllum sviðum ásamt framkvæmdaáætlun um það hvernig leiðrétt skuli mismun á stöðu kvenna og karla innan sveitarfélagsins.

Framkvæmd

Sveitarstjórn Skagabyggðar ber ábyrgð á jafnréttisáætlun sveitarfélagsins. Starfsmaður sveitarstjórnar er oddviti sem skal vera til ráðgjafar í málaflokknum jafnt fyrir starfsmenn sveitarfélagsins og íbúa þess. Jafnréttisáætlun skal kynnt öllum stjórnendum, starfsmönnum sveitarfélagsins og kjörnum fulltrúum.

Jafnréttisáætlunin gildir frá 1. ágúst 2020 – 31. júlí 2024

1. Skipan í nefndir, ráð og stjórnir.

Unnið skal markvisst að því að jafna hlut kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins. Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir, skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.

Aðgerð 1: Gera úttekt á kynjahlutföllum í nefndum ráðum og stjórnnum, og kynna það fyrir sveitarstjórn.

Framkvæmd: Oddviti.

Ábyrgð: Oddviti.

Tímarammi: Eigi síðar en í desembermánuði ár hvert ef breytingar hafa orðið á nefndum á árinu.

Aðgerð 2: Ef breytingar verði á nefndarskipan á kjörtímabilinu að þá verði þess gætt að tilnefna fulltrúa af því kyni sem hallar á í nefndina.

Framkvæmd: Sveitarstjórn.

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Tímarammi: Árin 2020-2024.

Aðgerð 3: Öll framboð til sveitarstjórna eru hvött til þess bréflæga að konur og karlar hafi jafnt vægi á listum og þess gætt við kosningu í nefndir, ráð og stjórnir að hlutföll og ábyrgðarsvið milli kynjanna séu sem jöfnust.

Framkvæmd: Sveitarstjórn.

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Tímarammi: Fyrir sveitarstjórnarkosningar.

2. Laus störf og starfsauglýsingar

Auglýsingar og ráðningar starfsmanna: Jafnréttisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að auglýsa lausar stöður til umsóknar. Auglýsingar skulu vera aðgengilegar öllum.

Aðgerð 1: Samantekt á kynjahlutföllum í öllum starfshópum ásamt yfirliti yfir auglýst störf, umsækjendur og ráðningar.

Framkvæmd: Oddviti.

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Tímarammi: Úttekt skal lokið fyrir 01.12. 2020.

Starfsmannakjör:

Við ákvörðun launa og annarra starfskjara, úthlutun verkefna, tilfærslur í störfum og uppsagnir skal þess gætt að mismuna ekki eftir kynferði sbr.24. gr.laga nr.10/2008. Því skal leitast við að meta jafnt mismunandi starfssvið, reynslu og menntun kvenna og karla. Gæta skal þess að konur og karlar njóti að öllu leyti sambærilegra launa og starfsaðstæðna með vísan í lög nr.10/2008.

Aðgerð 2: Árleg greining skal gerð á launum og starfskjörum starfsmanna og leiðréttá ef óútskýranlegur munur kemur í ljós.

Framkvæmd: Oddviti.

Ábyrgð: Oddviti.

Tímarammi: 1. ágúst -31. júlí ár hvert.

3. Starfsþjálfun, endurmenntun og framgangur í starfi

Tryggt verði að konur og karlar njóti sömu möguleika til starfsþjálfunar og endurmenntunar. Þess verði gætt við úthlutun verkefna og tækifæra til að axla ábyrgð, sem og þegar um framgang eða tilfærslu í störfum er að ræða, að einstaklingum sé ekki mismunað vegna kynferðis. Sama gildir um starfs- eða vinnuhópa sem starfsfólk er skipað í.

Aðgerð 1: Haldið verði utan um þátttöku starfsfólks í námskeiðum, endurmenntun og í starfs – og vinnuhópum. Greina skal hvort á annað kynið hallar við nýtingu slíkra tækifæra. Komi slíkt í ljós ber að reyna eftir fremsta megni að leiðrétta það.

Framkvæmd: Jafnréttisnefnd.

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímarammi: Eigi síðar en í júní ár hvert.

4. Þjónusta og fjármálaumsýsla

Tryggja á jafnan aðgang kvenna og karla að þjónustu sveitarfélagsins. Við ákvarðanir um tilhögun hennar skal taka mið af þörfum beggja kynja og áhrifum á konur og karla.

Aðgerð 1: Upplýsingar um þjónustu sem sveitarfélagið veitir skal vera kyngreind og ef í ljós kemur að þjónustan virðist henta einungis öðru kyninu skal gerð áætlun um hvernig hægt sé að breyta þjónustunni svo hún henti báðum kynjum.

Framkvæmd: Jafnréttisnefnd.

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Tímarammi: Desember 2020.

Aðferðum kynjaðrar fjárhagsáætlunargerðar skal beitt við úthlutun fjármagns til allra málaflokka. Við fjárhagsáætlagerð sveitarfélagsins skal tryggt að kyngreinanleg gögn liggi fyrir.

Aðgerð 2: Sveitarstjórn skal kynna sér hvað felst í kynjaðri fjárhagsáætlunargerð og vera sér meðvituð um kyngreinanleg gögn.

Framkvæmd: Sveitarstjórn.

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Tímarammi: Desember 2020 og ár hvert við gerð fjárhagsáætlunar.

5. Fjölskyldu, íþróttá- og æskulýðsmál

Sveitarfélagið og stofnanir þess skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfskyldur og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Stúlkum og drengjum skulu veitt sömu tækifæri til íþróttaiðkana og njóta sömu fjárveitinga á vegum sveitarfélagsins til íþróttá- og tómsundaiðkunar. Þess skal gætt að drengir og stúlkur hafi sömu möguleika til sumarstarfa á vegum sveitarfélagsins.

Aðgerð: Sveitarfélagið og stofnanir þess skulu hvetja bæði kynin að nýta sér þann rétt sem þau hafa til töku fæðingarorlofs. Kanna skal árlega hvernig gengur að framfylgja ofangreindum tilmælum. Jafnréttisnefnd ákveði framhald í kjölfar niðurstöðu.

Framkvæmd: Oddviti.

Ábyrgð: Oddviti.

Tímarammi: Kannanir gerðar í janúar ár hvert.

6. Fræðsla og ráðgjöf

Fræðsla um jafnréttismál og leiðir til að vinna að jafnri stöðu kynjanna skal vera virkur þáttur í starfi sveitarfélagsins. Fylgjast skal með endurmenntun í sveitarfélaginu og skulu stjórnendur stofnanna í sveitarfélaginu beita sér fyrir því að slíkir möguleikar séu fyrir hendi sem geti aukið tækifæri kvenna og karla til atvinnu og menntunar.

Aðgerð: Árleg greining á sókn kvenna og karla í endurmenntunarnámskeið og starfsþjálfun.

Framkvæmd: Forstöðumenn stofnana skila upplýsingum árlega til skrifstofu Skagabyggðar til úrvinnslu.

Ábyrgð: Oddviti.

Tímarammi: Lokið í desember ár hvert.

7. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og einelti.

Kynferðisleg áreitni er ekki liðin í Skagabyggð.

Sveitarstjórn skal gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og einelti á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Sé um slíka hegðun að ræða skal viðkomandi þolandi leita til trúnaðarmanns til að leita lausna.

Komi upp kynferðisleg áreitni af einhverjum toga eða einelti skal sveitarstjórn tryggja að þolandi geti leitað til einhvers sem er örugglega ekki gerandi eða tengdur honum svo sem sálfræðings, prests, félagsmálastjóra, læknis eða lögreglu.

Aðgerð 1: Fræða skal íbúa og starfsfólk Skagabyggðar um kynferðislega áreitni svo allir séu meðvitaðir um ábyrgð og færar leiðir ef upp koma tilvik.

Framkvæmd: Fræðsluefni verður sent út til starfsfólks og íbúa.

Ábyrgð: Oddviti og jafnréttisnefnd.

Tímarammi: Lokið fyrir 1. desember 2020. Annað hvert ár eftir það.

Aðgerð 2: Leiðbeiningarbæklingur um „Kynferðislega áreitni á vinnustöðum, Forvarnir og viðbrögð“ skal vera aðgengilegur á skrifstofu Skagabyggðar.

Framkvæmd: Oddviti.

Ábyrgð: Oddviti.

Tímarammi: 1. desember 2020.

8. Kynning, endurskoðun og eftirfylgni

Sveitarstjórn skal fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum til að tryggja jafna stöðu kynjanna í Skagabyggð, einnig skal nefndin hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlunar til fjögurra ára í senn.

Aðgerð 1: Áætlunin skal endurskoðuð eftir þörfum, ekki seinna en tveimur árum frá samþykkt hennar.

Framkvæmd: Jafnréttisnefnd.

Ábyrgð: Sveitastjórn.

Tímarammi: 1. ágúst 2022.

Aðgerð 2: Jafnréttisáætlun þessi skal kynnt íbúum sveitarfélagsins og starfsmönnum þess.

Framkvæmd: Sveitarstjórn.

Ábyrgð: Sveitastjórn.

Tímarammi: 1. des 2020.

Þannig samþykkt í júlí 2020 af jafnréttisnefnd Skagabyggðar.

Samþykkt með áorðnum breytingum á fundi sveitastjórnar Skagabyggðar 5. október 2020.